

HÚSÖNDIN

36.tbl. 1.árg.
17.okt. 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 18.-24.OKTÓBER

18.10 *Ásta Kristín Benediktsdóttir*

19.10 *Dóróthea G. Bin Örnólfsdóttir, Elmar Þór Rúnarsson*

22.10 *Elín Steingrimsdóttir, Sigurgeir Jónasson,
Sigurbjörn Reynir Björgvinsson*

23 *Jón Árni Sigfússon*



MENNINGARMIDSTÖÐ PINGEYINGA

Árbók Pingeyinga 1958-2018

**Hátíðarsamkoma í tilefni af 60 ára útgáfuafmæli Árbókar Pingeyinga í
Safnahúsinu á Húsavík sunnudaginn 21. október kl. 15:00.**

Árbókin er áthagarit Pingeyinga, í henni má finna ómetanlegt safn heimilda um lífið í Pingeyjarsýslu. Útkoma árbókarinnar hefur ætíð byggt á brennandi áhuga einstaklinga sem setið hafa í ritnefnd, skrifað í bókina og verið áskrifendur.

Flutt verða ávörp og farið yfir sögu þessarar merku útgáfu. Einnig verður flutt tónlist og nýútkomin árbók kynnt.

Allir vinir og velunnarar árbókarinnar eru velkomnir á hátíðina.

Stjórn Menningarmiðstöðvar Pingeyinga og Ritnefnd Árbókar Pingeyinga

VISSIR ÞÚ

AÐ JARÐHITINN
SPARAR HEIMILUM Á
NORÐAUSTURLANDI

8 MILLJARÐA

Á ÁRI Í HÚSHITUN?



www.eimur.is



facebook.com/eimurNA



instagram.com/eimur_iceland

EIMUR

DALAKOFINN

- Kótelettukvöld -

Þá er komið að því – Dalakofinn heldur sitt árlega og geysivinsæla Kótelettukvöld fyrsta vetrardag, laugardaginn **27. október 2018 kl. 20.** Kóteletturnar eru sérvaldar og þykkar að hætti Kótelettufélags Íslands og verða bornar fram með brúnuðum kartöflum, heimagerðu rauðkáli, grænum baunum og sultu. Í eftirrétt verður ís og kokteilávestir.

Miðaverð er 5.000 kr. og síðasti skráningardagur er **mánudagurinn 22. okt.** Tryggið ykkur sæti strax – síðustu ár hafa færri komist að en vildu. Hægt er að skrá sig í síma 464-3344 eða á netfangið dalakofinn@dalakofinn.is.

Brids

Brids hófst á fimmtud. 11. okt. kl. 20.30 og verður alla fimmtudaga í vetur. Gjaldið er 500 kr. eins og áður. Spilaður verður tvímenningur.

Nú er opið frá kl. **9 til 20.30** virka daga og **10 til 20.30** um helgar. Eldhúsið lokar 30 mínútur fyrir lokun eða kl. 20.

Verið ávallt velkomin
Dalakofinn / Útibú ehf. dalakofinn.is
s. 464-3344



Slægjufundur 2018

Slægjufundur 2018 verður haldinn í Skjólbrekku fyrsta vetrardag
27 október og hefst dagskráin kl 14:30.

Dagskráin verður með hefðbundnu sniði. Söngatriði úr leikskólanum,
tónlistarskólinn verður með atriði, fjöldasöngur og slægjuræða.

Sameiginlegt kaffihlaðborð, þar sem allir leggja sitt af mörkum.

Vilhjálmur vandræðaskáld kemur og kitlar hláturtaugarnar.

Kaffi, mjólk te og djús á staðnum.

Fjölmennum og viðhöldum þessari góðu hefð.

Nefndin

Slægjuball

Slægjuballið 2018 verður haldið um kvöldið
frá kl 22:00 til 02:00.

Hljómsveitin Lúxus heldur uppi stuðinu.

Miðaverð 1.800 kr. Ekki posi á staðnum.

Nefndin

100 ára fullveldisafmæli Íslands

30 ára afmæli Framhaldsskólans á Laugum

Þann 1. desember verður aldarafmæli fullveldis á Íslandi. Framhaldsskólinn á Laugum varð einnig 30 ára núna í haust. Í tilefni af þessum afmælum bjóða sveitarfélögin Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit ásamt Framhaldsskólanum á Laugum til hátíðar- og skemmtidagskrár 1. desember n.k. kl. 14:00 í íþróttahúsinu á Laugum. Á eftir býður Laugaskóli viðstöddum í afmæliskaffi í Gamla skóla og frá 16:00 verður ókeypis í sundlaugina á Laugum.

Sunnudaginn 2. desember verður sérstök barnadagskrá í Mývatnssveit þar sem jólasveinarnir í Dimmuborgum bjóða í heimsókn.

Dagskráin verður nánar auglýst síðar en takið daginn frá og gleðjist með okkur.
Allir velkomnir

Undirbúningsnefndin





Zumba námskeið byrjar miðvikudaginn 24.október kl.17:00.
Kennt verður mánudaga og miðvikudaga kl. 17-18 í ÍMS í 4 vikur
til að byrja með. Hver tími kostar 1000kr, vinsamlegast hafið
pening með ykkur.

Zumba course will start on Wednesday the 24th of October at
17:00. Classes will be on Mondays and Wednesdays from 17 til 18
at the Sports Center, for 4 weeks. Each class costs 1000 ISK, please
have cash with you.

Zumba instructor Valerija, 8634436

Hefur þú gaman af að syngja?

Kirkjukór Reykjahlíðar-og Skútustaðasókna vantar fleiri félaga
og bjóða nýtt fólk velkomið í allar raddir.

Æfingar verða á þriðjudögum og verður farið að æfa fyrir
aðventukvöld fljótlega.

Áhugasamir vinsamlega hafið samband við Ásdísi Illugadóttur
í síma 846 7392 eða Þuríði Pétursdóttur í síma 847 4666
sem veita nánari upplýsingar.



DÓSASÖFNUN

Nemendur í 8.og 9. bekk Reykjahlíðarskóla verða með dósasöfnun í næstu viku. Safnað verður mánudag og þiðjudag (22.-23. okt). Vinsamlega setjið pokana með dósum og flöskum við útidyrnar hjá ykkur ef þið verðið ekki heima á þessum tíma og viljið að þeir verði sóttir.

Kærar þakkir fyrir stuðninginn.

Nemendur

Laust starf í Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps



ÍMS óskar eftir starfsmanni í 50% – 80% starf frá Nóvember 2018.

Starfið felur í sér þrif, afgreiðslustörf, aðstoð við nemendur í búningsklefum og annað sem fellur til.

Góð þjónustulund, reynsla af afgreiðslustörfum og þrifum er kostur.

Laun greiddast samkvæmt kjarasamningum Framsýnar og Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Laust starf við heimilishjálp



Skútustaðahreppur leitar eftir starfskrafti eða starfskröftum í hlutastarf til að sinna heimilishjálpi í Mývatnssveit fram að áramótum. Mjög mikilvægt er að viðkomandi geti hafið störf strax. Um er að ræða 7 heimili 1x-2x í viku ca 36 tímar á mánuði.

Vinnutími er eftir samkomulagi við skjólstæðinga

Laun greidd skv. samningum Framsýnar og Launanefndar sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Skútustaðahrepps í síma 464-4163

Umsóknir skulu berast á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðarvegi 6 660 Mývatn eða á netfangið skutustadahreppur@skutustadahreppur.is



VÍN & MATUR

Töfraheimur vína!

Föstudaginn 26.október munum við í samstarfi við Eðaldrykki kynna töfra Alsace vína og sýna hve vel þau fara með mat.

Guðni Rúnar hjá Eðaldrykkjum mun mæta á staðinn, gefa smakk og veita fróðleik um þau frábæru vín sem hann hefur uppá að bjóða. Eftir kynningu bjóðum við til fjögurra rétta kvöldverðar þar sem við munum para hvern rétt með vínun frá Guðna. Við byrjum klukkan 18:00 og kostar þetta aðeins 12.900 kr. á mann. Athugið að um takmarkað sætaframboð er að ræða.

Upplýsingar og bókanir í síma 594 2000 eða myvatn@icehotels.is